

Hestamannafélagið Skuggi

Aðalfundur 6.12.2016 – Fundargerð

Í upphafi fundar voru 36 félagar mættir.

1. Fundarsetning og kjör starfsmanna aðalfundar

Stefán Logi Haraldsson formaður Skugga setti aðalfund og bauð fundarmenn velkomna. Fór hann yfir dagskrá fundarins og voru engar athugasemdar gerðar. Gerði hann það að tillögu sinni að Ingi Tryggvason tæki við fundarstjórn og Kristján Þ. Gíslason ritaði fundargerð. Var það samþykkt í einu hljóði. Ingi Tryggvason tók þá við fundarstjórn og gaf Stefáni Loga Haraldssyni formanni orðið.

2. Skýrsla stjórnar

Stefán Logi Haraldsson flutti skýrslu stjórnar og fór þar ítarlega yfir starfsemi félagsins á starfsárinu og kom víða við í máli sínu.

Að lokinni skýrslu stjórnar gaf fundarstjóri Svanhildi Svansdóttir orðið um ársreikning félagsins.

3. Ársreikningur 1.10.2015 - 30.9.2016

Gjaldkeri, Svanhildur Svansdóttir lagði fram reikninga félagsins og skýrði þá. Voru þeir skoðaðir og áritaðir af skoðunarmönnum félagsins.

Tekjur starfsársins voru kr. 11.974.827.-

Gjöld starfsársins voru kr. 10.320.703.-

Tekjur umfram gjöld því kr. 1.654.124.-

Eignir eru skv. efnahagsreikningi 45.931.964.- kr. og skuldir kr. 859.735.-

Rafmagnssjóður – Arnar Már Gíslason fór yfir reikninga rafmagnssjóðs.

Tekjur 1.884647.- Gjöld 1.142.664.- Tekjur umfram gjöld 741.983.- Eigið fé samtals 1.642.224.-

Fundarstjóri þakkaði gjaldkerum fyrir þeirra framlag og gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga.

4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Fundarstjóri þakkaði stjórn góð störf á árinu. Ámundi þakkaði stjórn störfina og spurði um endurmat fasteigna félagsins í reikningum félagsins. Formaður fór yfir þær forsendur sem þar lágu til grundvallar.

Svanhildur Svansdóttir kynnti fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Áætlaðar tekjur eru kr. 8.300.000.- og gjöld kr. 8.150.000.- Tekjur umfram gjöld því kr. 150.000.-

Guðmundur Skúli spurði um áætlaðan kostnað vegna girðinga. Fram kom að áætlaðar eru kr. 700.000.- til girðingaframkvæmda. Ámundi spurði um fjárfestingu vegna FM 2017. Formaður svaraði á þann veg að sá liður væri óviss enda óvíst um framkvæmdir og tekjur á mótí.

Fundarstjóri bar þessu næst upp reikninga félagsins til afgreiðslu. Voru þeir samþykktir samhljóða.

5. Skýrslur nefnda

Kristján Gíslason flutti skýrslu mótanefndar.

Marteinn Valdimarsson flutti skýrslu reiðveganefndar.

Guðmundur Skúli Halldórsson flutti skýrslu umhverfisnefndar.

Magnús Níelsson flutti skýrslu skemmtinefndar.

Ekki bárust skýrslur frá fleiri nefndum en skýrsla æskulýðsnefndar hefur verið birt á vef LH.

Ámundi spurði um styrki úr sérverkefnasjóði Vegagerðarinnar – Marteinn svaraði fyrirspurninni. Ekki er á vísan að róa með styrki úr þessum sjóði.

6. Kynning á inngöngu nýrra félaga og úrsögnum félagsmanna

Stefán Logi formaður kynnti þá sem gengið hafa í félagið á árinu og greindi einnig frá þeim sem hafa sagt sig úr félaginu eða verið felldir út af skrá. Á árinu gengu 34 nýir félagar til liðs við félagið. Úr félaginu ganga alls 18 manns. Fjölgar því í félaginu um 16 milli aðalfunda.

7. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

8. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna, nefnda og fulltrúa á L.H. og U.M.S.B. þing.

Stefán Logi Haraldsson kynnti tillögu uppstillinganefndar til stjórnar – og nefndastarfa.

Allar tillögur samþykktar með lófataki.

9. Félags- og hagagjöld

Tillaga um félagsgjöld fyrir árið 2017 framlögð svohljóðandi:

„Aðalfundur Hestamannafélagsins Skugga, haldinn 06. desember 2016, samþykkir að árgjöld fyrir árið 2017 verði:

Fullorðnir kr. 6.000,-

Makagjald kr. 3.000,-

Unglingar 13-16 ára kr. 3.000,-

Börn 12 ára og yngri Frítt

Félagsmenn 67 ára og eldri eru gjaldfrír frá árslokum þess árs sem þeir ná þeim aldri.“

Greinargerð:

Innheimta árgjalda hefur yfirleitt gengið nokkuð vel og telur stjórnin ekki ástæðu til að hækka árgjaldið að þessu sinni, þar sem fjárhagur félagsins er nokkuð stöðugur. Hins vegar tilkynnist hér með að seðilgjald mun bætast ofan á innheimtu í gegn um banka.

Stjórn Hmf. Skugga

Tillagan samþykkt samhljóða

Tillaga um beitargjöld svohljóðandi lögð fram.

„Aðalfundur Hestamannafélagsins Skugga, haldinn 06. desember 2016, samþykkir að hagagjöld fyrir árið 2017 verði:

Sumarheit	kr. 2.500,- fyrir hestinn
Haustrheit	kr. 2.000,- fyrir hestinn
Heilsársheit	kr. 4.000,- fyrir hestinn

Skammtíamabeit í hesthúsahverfinu kr. 2.000,- fyrir hvert tveggja vikna tímabil.
(Miðað verði við 100-200m² svæði og sótt verði um notkun fyrir hvert tímabil.)“

Greinargerð:

Ekki er gerð tillaga um hækkun á almennum beitargjöldum, frá fyrra ári, enda hefur nýting og innheimta almennt gengið vel upp. Hins vegar er lagt til að tekin verði upp ný gjaldtaka af skammtíamabeit í hesthúsahverfinu, enda ásókn í það aukist og þarfnast það frekari stýringar.

Áfram er gert ráð fyrir að við nýjar girðingar útvegi félagið efni og uppsetningu, en leigutakar sjái sjálfir um endurbætur og viðhald á sínum girðingum, hafi þeir haft þær áður. Einnig skulu leigutakar sjá um áburðargjöf í úthlutuðum beitarhólfum sínum.

Stjórn Hmf. Skugga

Tillagan er samþykkt með þorra greiddra atkvæða gegn einu.

Fundarstjóri gaf þessu næst orðið laust um önnur mál.

10. Önnur mál.

Formaður, Stefán Logi Haraldsson, bar fram tillögu svohljóðandi um sameiningarviðræður við Hmf. Faxa f.h. stjórnar Hmf. Skugga.

„Aðalfundur Hmf. Skugga, haldinn 06. desember 2016, samþykkir að fela stjórn félagsins að ganga til sameiningarviðræðna við Hmf. Faxa, undir þeim formerkjum að stofnað verði nýtt sameinað félag með nýju nafni. Stjórnin skipi 5 manna sameiningarnefnd sem skili niðurstöðu sinni, til stjórnar, fyrir 01. febrúar 2017. Stjórnin skal síðan boða félagsfund, með kynningu á niðurstöðu nefndarinnar og skal sá félagsfundur afgreiða endanlega tillögu um sameiningu.“

Halldór Sigurðsson spurði um hvernig væri farið með fjárhag félaganna við sameiningu.

Ólafur Þorgeirsson taldi að þá þyrfti að stofna nýtt félag sem héldi utan um hagsmuni

hesthúseigenda. Sigurþór Ágústson sá þessari tillögu ekkert til fyrirstöðu og taldi fjárhagsmálefni ekki takmarkandi þátt. Ámundi Sigurðsson taldi að réttara væri að sameina félögin á stærra svæði og að engar forsendur hefði breyst síðan þetta var skoðað síðast. Svanhildur Svansdóttir spurði hvort fólk í dreifbýli hefði enga hagsmuni af því að vera í Skugga og Steinunn Árnadóttir spurði hvort hægt væri að taka fleiri hesta í hagagöngu. Sævar Eggertsson taldi ekki mun á því að fjöldi manns gangi í félagið eða félög sameinuð. Magnús Níelsson taldi að rétt væri að ganga til þessara viðræðna og treysta stjórn fyrir þessu máli og leggja síðan greinargerð fyrir félagsfund. Stefán Logi fór yfir efni tillögunar og það sem að baki býr. Ámundi Sigurðsson sagði að það afstaða hans byggði á hans persónulegu skoðun. Marteinn Valdimarsson taldi vænlegt að fara í þessar viðræður. Guðmundur Skúli sagðist andvígur sameiningu og sameiningarviðræðum. Taldi að félagið stæði sterkara án sameiningar. Ekki tóku fleiri til máls. Fundarstjóri bar tillöguna upp til afgreiðslu. Samþykkir tillögunni voru 26, andvígir 11. Tillagan er því samþykkt.

Fundarstjóri ræddi málefni fjórðungsmótsins sem áætlað er að halda á komandi vori. Taldi hann að félagið ætti að huga að byggingu kynbótabrautar þótt ekki væri fyrir næsta sumar heldur til framtíðar litið.

Marteinn Valdimarsson tók til máls og ræddi uppbyggingu svæðisins og hvort þörf væri á byggingu kynbótabrautar. Eins ræddi hann góðan árangur í starfi félagsins, umgengni um Faxaborg og hvort félagið ætti að leggja eitthvað til reiðvegagerðar. Ólafur Þorgeirsson ræddi um hugmyndir um FM 2017 varðandi kynbótabraut. Ekki er búið að dagsetja mótið.

Fundarstjóri þakkaði stjórn fyrir góð störf og óskaði stjórn og nefndarmönnum alls góðs í komandi störfum og gaf formanni orðið.

11. Formaður þakkaði starfsmönnum sem og fundarmönnum fyrir góðan fund. Fundurinn samþykkti að frágangur fundargerðar væri á höndum ritara og fundarstjóra. Ennfremur að hún yrði birt á heimasíðu félagsins og sagði fundi slitið kl. 22:40

Kristján Gíslason fundarritari